Íblöndun í matvæli - Tilkynningar

Framkvæmd

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
Byrjun		
1. Tilkynning móttekin	Tilkynning/ Málakerfi	1. Tilkynnandi fyllir út rafrænt eyðublað/tilkynningu um íblöndun bætiefna í þjónustugátt MAST; http://umsokn.mast.is. Þegar tilkynnandi velur aðgerðina “senda” er mál stofnað sjálfkrafa í Málakerfi (ONE) undir innskráðum viðskiptavini. - Heiti máls verður “Íblöndun bætiefna og markaðssetning – xxxx (ártal)” bréfalykill 9.3.5 (SKRA-112). - Þjónustugátt sendir staðfestingu á móttöku tilkynningar. Tilkynningin er send sjálfkrafa til ábyrgðaraðila sem er skilgreindur undir viðeigandi málasniðmáti í Málakerfi (sérfræðingur á Neytendavernd). - Öll gögn vegna samskipta við tilkynnanda skal vista undir málinu í Málakerfi. Sérfræðingur á Neytendavernd annast framkvæmd vinnulýsingarinnar sbr. tl. 2-7.
2. Mat	t-póstur	2. Tilkynningin er skoðuð og athugað hvort allar upplýsingar fylgi. Ef þörf er fyrir frekari upplýsingar frá tilkynnanda er þeirra óskað með tölvupósti til viðkomandi. Veittur er 10 daga tímafrestur til að senda umbeðnar upplýsingar.
3. Skoðun vöru	Málakerfi	3. Upplýsingar á merkimiða vöru eru skoðaðar með tilliti til innihaldsefna sbr. LBE-086 (einkum hvort íblöndun standist ákvæði reglugerðar). Skoða þarf sérstaklega hvort efni í vörunni falli undir lyfjalög. Minnispunktar um vöruna skráðir í Málakerfi.
4. Leitað umsagna	Bréf	4. Metin er þörf fyrir umsagnir annarra stofnana eða sérfræðinga. Ef hægt er að afgreiða málið án þeirra er næsta skref skv. lið 7. Umsagna er óskað með bréfi til viðeigandi stofnana eða sérfræðinga. Afrit af beiðni er sent tilkynnanda. Veittur er 3ja vikna tímafrestur til umsagna.
5. Leitað athugasemda	Umsagnir	5. Ef umsagnir berast eru þær sendar tilkynnanda og honum gefinn kostur á að tjá sig um þær innan 10 daga.
6. Mat á umsögnum/ ath.semdum	Bréf	6. Ef tilkynning fer í umsagnarferil sbr. lið 4 og 5 eru umsagnir og athugasemdir tilkynnanda metnar.
7. Afgreiðsla tilkynningar	Bréf	7. Bréf um formlega móttöku tilkynningar og athugasemdir varðandi vöruna, ef einhverjar eru, er sent til tilkynnanda með rafrænu afriti til þess heilbrigðiseftirlitssvæðis sem tilkynnandi er staðsettur á.
Endir		